



# Bjarni Benediktsson, dagblöð 1966-1970, 1. hluti

---

Bjarni Benediktsson – Dagblöð

Einungis fréttir og greinar tengdar Bjarna Benediktssyni eru skannaðar og sýndar hér en dagblöð má sjá á vef Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafns, timarit.is

---

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Fjölskyldan  
Askja 6-12











# Icelandic Review

## Vörðun

93. og 45. árg. — 14. tbl.

MIDVIKUDAGUR 1. MAI 1968

Prentsmiðja Morgunblaðsins.



Pingflokkur Sjálfstæðisflokks við þinglok: Talið frá vinstri: Jónas Pétursson, Ingólfur Jónsson landbúnaðarráðherra, Pétur Benediktsson, Magnús Jónsson, fjármálaráðherra, Sigurður Bjarnason, forseti Neðri deildar, Oddur Andrésson, Auður Auðuns, Ólafur Björnsson, Bjarni Benediktsson, forsetisráðherra, Pétur Sigurðsson, Steinbör Gestsson, Friðjón Þórðarson, Guðlaugur Gislason, Geir Hallgrímsson, Jónas G. Rafnar forseti Efri deildar, Matthias Bjarnason, Sverrir Juliusson, Jón Arnason, Birgir Kjaran, Gunnar Gislason, Sveinn Guðmundsson, Eyjólfur Konráð Jónass n og Óskar Levý.

### Sonja og Haraldur gifta sig 29. ágúst

Osló, 24. apríl, — NTB — ÁKVEÐINN hefur verið giftingardagur Haralda, rikisarfa Noregs, og Sonju Haraldsen, og fer vígslan fram í Oslo-ardómkirkju fimmtudaginn 29. ágúst n.k. Fridtjov S. Birkeli, biskup mun gefa hjónaefnin saman.

Búið er við, að nokkrar end urbaetur og lagfæringar verði gerðar á dómkirkjunnin, aðallega á kórum. Ólafur konungur og Marta heitin krónprinsessa voru gefin saman í þessari sömu kirkju þann 21. mars 1929.

## Verðum að ljúka könnun á aðild að EFTA fyrir áramót

— Aðild Íslands að norrænu tollabandalagi útlokuð  
— sagði viðskiptamálaráðherra á blaðamannafundi

DR. Gylfi P. Gislason viðskiptamálaráðherra sagði á fundi með fréttamönnum í gær, að hann teldi óhætt að fullyrða, að íslendingar gætu ekki tekið þátt i Norrænu tollabandalagi og því síður norrænu efnahagsbandalagi. Sagði ráðherra, að ef til

bess kæmi að Norðurlödin hin mynduðu með sér slik viðskiptabandalög stæðum við Íslendingar gagnvart miklu vandamáli og væri því enn meiri nauðsyn að kanna möguleika á innóngöngu Íslands í Fríverzlunarbandalagið. Taldi ráðherra brýna nauðsyn að ljúka þeirri könnun fyrir næstu áramót.

Eins og kunnugt er var samþykkt á fundi forsetisráðherra Norðurlanda nú í vikunni að skipa nefnd til að leggja fram til lögur um myndun norræns tollabandalags. Sóttu fundinn fyrir Íslands hönd dr. Gylfi P. Gislason viðskiptamálaráðherra, dr. Gunnar Thoroddsen, sendiherra og Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisjóri og auk þeirra þingmennirnir, professor Ólafur Björnsson, professor Ólafur Jóhannesson, Sigurður Ingimundarson, efnaverkfræðingur og Magnús Kjartansson, ritstjóri.

Fyrir tiu árum. Norðmenn væru frekar hikandi, en teldu þó ómaksins vert að kanna málið. Sagði ráðherra, að hik Norðmanna stafaði mjög af því, að landbúnaður þeirra væri ekki fær um að keppa við hinn danska.

Aðalverkefni hinnar nýskipuðu sérfræðinganeftnar er að leggja fram tillögur um norrænt tollabandalag. Þá er einnig ætlun-

### 48.577 á kjörskrá í Reykjavík við forsetakjör

— 1396 20 ára

VIÐ forsetakosningarnar, sem fram eiga að fara 30. júní n.k. verða 48.577 á kjörskrá í Reykjavík, en sú auknin sem nú er á kjörskránni, stafar m.a. af því, að kosningaréttið manna var færður niður í 20 ára aldur. Tala þeirra, sem nú eru á kjörskrá og verða tvitugur, að kjörskrá og verða tvitugur en kosning fer fram er 1396.

Í viðtali blaðsins við Jónas Hallgrímsson forstöðumannum Manntalskristofunnar tjáði Hann blaðinu, að fyrirkomulag og framkvæmd forsetakosning og framkvæmd forsetakosning undanna verði svipað og við und-

### Læknaskipti á Eskifirði

Í LÖGBIRTINGABLAÐINU er frá því skýrt að hinn 1. apríl 1968 hafi forseti Íslands veitt Jónasi Oddssyni, heraðslækni í Eskifjarðarhéarði lausn frá embætti. Jafnframt er sagt frá því að sama dag hafi dóms- og kirkju málaraðuneytið sett cand. med & chir. Þorvarð Brynjólfsson til að gegna heraðsæknisembættinu í Eskifirði til 30. árs.

### Taka á leigu tvo flugbáta

LANDHELGISGÆZLAN vinnur nú að því með leyfi dómsmálaráðherra að taka á leigu tvo Albatros-flugbáta, en þeir eru tveggja hreyfla. Verður vætanlega samið um þetta milli Landhelgisgæzlunnar og Varnarlíðsins áður en langt um líður. Komu þessar upplýsingar fram í erindi, sem Pétur Sigurðsson forstjóri Landhelgisgæzlunnar, flutti á landsþingi SVFÍ í gær.

in að kanna, hvernig efnahagsbandalag Norðurlanda lití út, þar sem mótuð væri sameiginleg efnahagsstefna likt og í Efnahagsbandalaginu, en ekki eingöngu um að ræða samvinnu um tolla eins og hjá Fríverzlunarbandalaginu. Í þriðja lagi er hug Framh. á bls. 2

## Neyzluvatn til Vestmannaeyja í júlíþyrjun

NEYZLUVATN úr landi mun berast til Vestmannaeyja í byrjun júlí í sumar, að því er Magnús Magnússon, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum tjáði blaðinu í gær. Sagði Magnús, að leiðslan úr landi yrði lögð út í Eyjar náðægt 5. júlí n.k. Þá verður einnig í sumar hafin bygging dælstöðvar á sandinum og vélar verða vætanlega settar í þá stöð næsta veturnar.

Magnús sagði, að í sumar nætti þáust við svíði og þróengur Vestmannaeyinga fengi vatn

en um næstu áramót yrði neyzluvatnið úr landi komið til tveggja þriðju hluta af íbúum kaupstaðarins. Hins vegar sagði hann, að þess mætti vænta, að vatn yrði ekki ætið nóg á meðan dælustöð in væri ekki komin í gagnið.

Þá verður einnig byrjað á vatnsmiðlunargeymi Vestmannaeyjum í sumar, sem taka mun 5000 tonn.

Magnús tók það fram, að þessi ætlun öll miðaðist við það að jafnfrum til framkvæmdanna brygðist ekki.







